



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæðaklukkur (US190230).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Skóða að leggja af stöðumæla og setja þess í stað bílastæðaklukkur. Í því myndi vera mikill sparnaður og hagræðing. Klukkur og nemar er það sem reynst hefur best annars staðar.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 21. ágúst 2019.

Umsögn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar starfar í samræmi við samþykktar stefnur borgarinnar um gjalddöku fyrir notkun stöðureita í borginni. Af hálfu skrifstofunnar verður ekki séð að núverandi fyrirkomulag gjaldheimtu sé haldið slíkum göllum, að ástæða sé til að nota bílastæðaklukkur í stað núverandi kerfis. Notendur geta nú greitt fyrir notkun stöðureita í stöðumælum eða með snjalllausnum.

Þess má geta að bílastæðaklukkur voru um nokkurra ára skeið notaðar þegar lagt var í stæði nærri miðbæ Akureyrar. Akureyrarbær hefur nú horfið frá notkun klukkanna og hafi gjalddöku með sama fyrirkomulagi og Reykjavíkurborg.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri